



Reykjavík, 13. febrúar 2026
PON24120004

Borgarráð

Heimild til að hefja verkefnið „Mannauðs- og launakerfi - fasi 2“

Á fundi stafræns ráðs þann 11. febrúar 2026 var lögð fram heimildarbeiðni, dags. 16. janúar um að hefja annan fasa verkefnisins „Mannauðs- og launakerfi.“ sbr. 2. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d. Lagt var til að stafrænt ráð samþykki verkefnið og að það yrði skilgreint í fyrsta forgangi.

Tillagan var samþykkt og vísað til meðferðar borgarráðs.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri



Reykjavík



Reykjavík, 16. janúar 2026
PON24120004

Efni: Heimild til að hefja verkefnið „Mannauðs- og launakerfi - fasi 2“

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja annan fasa verkefnisins „Mannauðs- og launakerfi.“ Verkefnið snýr að innleiðingu nýs kerfis í kjölfar útboðs sem framkvæmt var í fasa 1 verkefnisins, sjálfvirknivæðingu launaferla og útleiðingu núverandi mannauðs- og launakerfis (SAP) ásamt samþættingu við innri og ytri kerfi, gagnaflutning, þjálfun og kennslu starfsfólks.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá mars 2026 til mars 2028 og er heildarkostnaður samkvæmt frumkostnaðaráætlun 220 m.kr., sem tilheyra eignasjóði á framkvæmdatímanum. Af heildarkostnaði er áætlað að verulegur hluti verði aðkeypt þjónusta, m.a. frá ráðgjöfum og birgjum, auk stofn- og innleiðingarkostnaðar. Aðkeypt þjónusta verður keypt inn skv. gildandi innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

Afurð verkefnisins mun ekki auka rekstrarkostnað Reykjavíkurborgar til lengri tíma, heldur mun hann falla inn í núverandi rekstrarkostnað þjónustunnar sem greiddur er af fjármála- og áhættustýringarsviði. Framangreint hefur verið staðfest og samþykkt af eiganda verkefnisins og sviðsstjóra viðkomandi sviðs, dags. 25. júní 2025.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík



Greinargerð:

Núverandi mannauðs- og launakerfi Reykjavíkurborgar er á útleið þar sem hugbúnaðarfyrirtækið hefur tilkynnt að rekstri og stuðningi við kerfið verði hætt og nauðsynlegt er að innleiða nýtt kerfi sem uppfyllir nútímakröfur um sjálfvirkni, einföldun og áreiðanleika gagna. Fasi 1 í verkefninu, sem lýkur í febrúar, hefur falið í sér þarfagreiningu, útboðslýsingu og undirbúning útleiðingar SAP. Þarfagreiningin leiddi í ljós að þörf er á nútímalegri lausn með lipurri og sveigjanlegri samþættingu við önnur kjarnakerfi borgarinnar í takt við breytingar og framþróun á öðrum lausnum. Eins þarf lausnin að bjóða upp á auðvelda gagnaöflun sem veitir m.a. samræmdari gögn en nú er raunin. Með nýrri lausn á að skapast rými til að uppfæra og samræma verklag sem skilar sér m.a. í áreiðanlegri gögnum og tímasparnaði.

Markmið samningsins sem gerður verður í kjölfar útboðs er að tryggja heildstæða yfirsýn yfir starfsfólk og skipurit Reykjavíkurborgar og að laun séu greidd út rétt, á réttum tíma og án villa, með lágmarksumsýslu og sem minnstri fyrirhöfn.

Fasi 2 felur í sér innleiðingu nýs kerfis, gagnaflutning, útleiðingu núverandi kerfis, samþættingar, þjálfun og kennslu starfsfólks.

Áætlaður heildarkostnaður verkefnisins er 220 m.kr. á 25 mánaða tímabili. Þar af eru 42 m.kr. ætlaðar í launakostnað verkefnastjóra, 151 m.kr. í aðkeypta þjónustu (ráðgjafar, birgjar, sjálfvirknivæðing o.fl.), og 20 m.kr. í stofnkostnað/innleiðingarkostnað fyrsta árið. Mánaðarlegur rekstrarkostnaður er áætlaður 7.275 m.kr. Fjármögnun rekstrarkostnaðar hefur verið staðfest af fjármála- og áhættustýringarviði.

Mælanlegur ábati verkefnisins felst m.a. í verulegum tímasparnaði (a.m.k. 4285 klst. á ári), og áætlaðri lækkun rekstrar- og þjónustugjalda um 10,7 m.kr á ári. Ómælanlegur ábati felst í aukinni starfsánægju, einföldun og samræmingu verklags, áreiðanlegri gögnum og betri þjónustu við stjórnendur og starfsfólk.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir og fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Kostnaðarstaður: 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður. Verkefnaklassi: 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi.

F.h. þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Þróstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur





Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð

Frumkostnaðaráætlun/umfangsmat

Reykjavík, (5.2.2026)

Verkefnaráðsfundur: 4.12.2025

Moli – Mannauðs- og launakerfi fasi 2

Samantekt:

Nú er í gangi fasi 1 af verkefninu og gert ráð fyrir að honum ljúki í febrúar 2026. Það sem búið er að gera er þarfagreining, útboðslýsing og undirbúningur útleiðingar SAP (hugbúnaður sem notaður er í dag til að stýra helstu viðskiptaferlum mannauðsstjórnunar og launakerfis). Mun útboð fara í auglýsingu í desember 2025 og farið í kjölfarið í úrvinnslu tilboða sem berast. Óskað er eftir að fara í fasa 2 af verkefninu, þar mun klárast úrvinnsla tilboða, gerður ótímabundinn samningur, innleiðing nýs kerfis, rafvæðing launaferla og útleiðing á SAP.

Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 220 m.kr.

Áætluð tímalengd verkefnis: 25 mán

Skor í Fylki frá verkefnaráði ÞON: 4,00

Ábati 33%: 4

Helsti ábati verkefnisins er gríðarlegur tímasparnaður fyrir starfsfólk einnig sparnaður við rekstur kerfis.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 4

Verkefnið einfaldar rekstarumhverfi með skilvirkara og einfaldara kerfi. Sjálfvirkni eykst og eins yfirsýn, eftirlit og öryggi.

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 4

Hefur mjög jákvæð áhrif á stóran hóp innan Reykjavíkurborgar.

Lagalegar kröfur – Nei

Dæmi: Lagaleg krafa er ekki til staðar.

Virðingarfyllst,
Verkefnaráð
Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Mannauðs- og launakerfi – fasi 2

Eigandi: Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri MOS

Hvað er búið að gera:

Fasi 1:

- Þarfagreining
- Útboðslýsing
- Útboð í auglýsingu í 9. desember 2025. Opnun tilboða 20. janúar.
- Undirbúningur útleiðingar SAP

Óskað eftir heimild fyrir fasa 2:

- Gerð ótímabundins samnings
- Innleiðing nýs kerfis
- Rafvæðing launaferla
- Útleiðing SAP

Áskorun

- Framþróun núverandi kerfis hætt og þjónusta takmörkuð
- Þjónustustig núverandi kerfis hamlar daglegum rekstri og takmarkar framþróun og samþættingu annarra lausna borgarinnar

Markmið

- Innleiða skilvirkt kerfi sem vex með kjarnakerfum borgarinnar
- Auðveldari gagnaöflun og gagnvirkari skýrslur
- Takmarka allar séraðlaganir eins og kostur er

Áætlaður ávinningur

- Gríðarleg tækifæri felast í tímasparnaði starfsfólks, amk 4.285 klst. á ári
- Einföldun og samræming verklags
- Áreiðanlegri gögn og einfaldari birting þeirra
- Aukin þjónusta við stjórnendur og starfsfólk

Tímalína

Mars 2026 – mars 2028

Kostnaður

Heildarkostnaður 1.489 m. kr.
Eignasjóður 220 m. kr.
Rekstur m.v. 15 ár 1.269 m. kr.

Innkaup

- Samkeppnisútboð hefur verið framkvæmt

Verkefnastjóri: Salvör Gyða Lúðvíksdóttir

Verkefnateymi: Hallgrímur Andri Jóhannsson (vörustjóri), Aldís Geirdal (lögfræðingur), Jóhann Ólafur Kristinsson (launaskrifstofa), Bryndís Ernstdóttir (MOS), Auður Björgvinsdóttir (MOS), ásamt verkefnahópum

Stafrænn leiðtogi: Birgir Lúðvíksson




Moli – Mannauðs- og launakerfi fasi 2

Birgir Lúðvíksson stafrænn leiðtogi

Salvör Gyða Lúðvíksdóttir verkefnastjóri

Hallgrímur Andri Jóhannsson vörustjóri


Lóa Birna Birgisdóttir eigandi verkefnis





Í hnotskurn

- Fasa 1 lýkur í febrúar 2026 – það sem er búið að gera:
 - Þarfagreining
 - Útboðslýsing
 - Útboð í auglýsingu í desember
 - Undirbúningur útleiðingar SAP
- Óskað eftir heimild fyrir fasa 2:
 - Úrvinnsla tilboða sem berast
 - Ótímabundinn samningur
 - Innleiðing nýs kerfis
 - Rafvæðing launaferla
 - Útleiðing SAP





Ákvörðun verkefnaráðs

- Óska eftir fjármögnun uppá 220 m.kr.
- Óska eftir:
 - Verkefnastjórum 100% og 50%
 - Þátttöku gagnateymis
 - Þátttöku UTR (lausnaarkitekt, M365, kerfisstýringu)
 - Utanaðkomandi ráðgjöfum





Áskorun

Nýtt mannauðs- og launakerfi (fasi 2) fyrir borgina

Núverandi staða

- Núverandi kerfi á útleið
- Fasa 1 lýkur í feb 2026:
 - Þarfagreining ✓
 - Útboðsvinna ✓
 - Undirbúningur útleiðingar SAP ✓
 - Útboð í loftið í des!

Markmið

- Óskað eftir heimild fyrir fasa 2
- Úrvinnsla tilboða
- Innleiðing
- Yfirfærsla gagna
- Útleiðing SAP
- Samþættingar
- Tengingar við ytri kerfi
- Þjálfun og kennsla


Lausn

- Nýtt mannauðs- og launakerfi sem uppfyllir þarfir
- Útleiða SAP – flókið!

Lagaleg krafa til staðar: Nei




Tímalína





Umfangsmat



- Kostnaður verkefnis er 220 m.kr og tími er áætlaður 25 mán

Kostnaður mannauðs

Á fjárfestingu: 49 m.kr

- Verkefnastjórar 42 m.kr:
 - 100% í 22 mánuði
 - 50% í 3 mánuði
 - 50% í 9 mánuði (SAP)
- Annað/ófyrirséð 7 m.kr

Á rekstri:

- Gagnateymi
- Lausnaarkitekt
- M365 teymi
- Kerfisstjóri
- Stafrænn leiðtogi

Aðkeypt þjónusta

Á fjárfestingu: 171 m.kr.

Aðkeypt þjónusta:

- Advania 25 m.kr
- Pearl 35 m.kr
- Ráðgjafar /SAP 48 m.kr
- Ráðgjafar 38 m.kr
- Sjálfvirknivæðing 5 m.kr

Til birgja:

- Stofnkostnaður
/innleiðingarkostnaður
20 m.kr

Rekstrarkostnaður

Mán. rekstrark.: 7,330 mkr

- Rekstrar og þjónustugjöld 5,5 m.kr
- Vörustýring 1,5 m.kr
- Þjónusta og rekstur UTR 330 þús

Fjármögnun reksturs hefur verið staðfest og samþykkt af eiganda verkefnisins og sviðsstjóra viðkomandi sviðs,
dags 25. júní 2025 JÁ

Sviðið gerir ráð fyrir að sækja aukið fjármagn í ramma ef af verkefninu verður - **NEI** (fer á ÖNN)



Ábatamat



Ómælanlegt og mælanlegt miðað við 1 ára tímabil

Mælanlegur ábati

- Nýtt kerfi 2285 klst
- Sjálfvirknivæðing ferla og innleiðing ferlavélar samhliða nýju mannauðs- og launakerfi 2000 klst
- Áætlaður sparnaður við rekstur kerfis 5 m.kr
- Áætlaður sparnaður í þjónustukostnaði 5,7 m.kr

Samtals:

- Áætlaður sparnaður samtals að lágmarki 4285 klst og 10,7 m.kr

Kostnaður

- 20 m.kr í stofnkostnað fyrsta árið greitt af fjárfestingu

Ómælanlegur ábati

- Starfsánægja
- Einföldun og samræming verklags
- Áreiðanlegri gögn
- Dregur úr ofgreiðslum launa
- Einfaldari birting gagna og tölfræði
- Aukin þjónusta við stjórnendur og starfsfólk

Samantekt á heildarávinningi/niðurstaða


- Hagkvæmni kemur fram kerfislega og menningarlega
- Tímasparnaður bæði hjá stjórnendum og launaráðgjöfum verður töluverður





Hvað er búið að gera:

- Markaðskönnun og ítarleg samtöl við helstu birgja
- Rýnt í ferla og núverandi kerfi
- Samtöl við alla hagsmunaaðila
- Þarfagreining og vinnustofur með hagsmunaaðilum
- Kröfulýsing sem byggir á þarfagreiningu
- Útboðsgerð
- Undirbúa útleiðingu SAP
- Útboðsferli (framundan)





Næstu skref



- Vinna úr innsendum tilboðum
 - Kynningarfundir bjóðenda
 - Nytsemissprófanir
 - Val á hagkvæmasta tilboði
- Byrja að vinna eftir nýjum samningi
- Hefja innleiðingu
- Útleiða SAP
- Samþættingar
- Tengingar við ytri kerfi
- Sjálfvirknivæða ferla
- Kennsla og þjálfun



Ákvörðun verkefnaráðs

- Óska eftir fjármögnun uppá 220 m.kr.
- Óska eftir:
 - Verkefnastjóra 100% og 50%
 - Þátttöku gagnateymis
 - Þátttöku UTR (lausnaarkitekt, M365, kerfisstýringu)
 - Utanaðkomandi ráðgjöfum





Reykjavík